

- 130** 11. nóv. **staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Björns Vilhjálmssonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 11. nóv. 1912. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir **Minningarsjóð Björns Vilhjálmssonar.**

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Vilhjálmí Bjarnarsyni og Sigríði Þorláksdóttur, búandi hjónum á Rauðará, til minningar um Björn son þeirra, er andaðist í Mentaskóla Reykjavíkur 19. mars 1893, 17 ára að aldri.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 400,00 — fjögur hundruð krónur — og heitir: »Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar«.

2. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, legst einn fjórði hluti árlega við höfuðstólinn, en þrír fjórðu hlutar greiðist stjórn Heilsuhælisins á Vífilstöðum.

3. gr.

Þegar útborgaðir vextir sjóðsins nema kr. 50,00 — fimtíu krónum —, skal stjórn Heilsuhælisins verja þeirri upphæð til styrktar einhverjum einum sjúklingi á hælínu. Gjöfinni skal úthlutað á fæðingardegi Björns Vilhjálmssonar, 8. dag aprílmánaðar.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn Heilsuhælisins, og birtir stjórnarnefndin árlega reikning sjóðsins í Stjórnartíðindunum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á stofnskrá þessari.

Rauðará við Reykjavík, 8. apríl 1912.

F. h. *Vilhjálmss Bjarnarsonar*
Þorl. Vilhjálmsson.

Sigríður Þorláksdóttir.

- 131** 11. nóv. **staðfesting konungs** á endurskoðari skipulagsskrá styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar heimspekilegum vísindum á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 11. nóvember 1912. Skipulagsskráin er þannig:

1. gr.

Sjóðurinn myndast af fje því, er sjera Hannes heitinn Árnason, kennari við prestaskólann í Reykjavík, gaf með arfleiddslugjörð 15. ágúst 1878. Var sjóðnum lagt fje þetta út, er búí arfleiddanda var skift, og borgaði executor testamenti landshöfðingjanum yfir Íslandi það 12. febr. 1881 með 30315 kr. 43 a.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins stýrir ráðherra Íslands samkvæmt reglum þeim, er gilda um fje almennra stofnana. Um tekjur og gjöld sjóðsins skal hvert ár reikning gjöra og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

3. gr.

Þá er sjóðurinn kemur til afnota, skal styrkinn veita 6. hvert ár; skal hann veittur um 4 ár í senn, og gjörir ráðherra það eftir samráði við háskólaráðið. Hvert sinn er styrkinn skal veita, á háskólaráðið að annast um, að það verði auglýst 6 mánuðum fyrirfram; um bónarbrjef þau, er til þess koma, leitar það álitu heimspekiskennarans við háskólann og rektors hins almenna mentaskóla í Reykjavík. Til þess að geta komið til greina við veitingu styrks af sjóðnum, eru skilyrðin þessi:

1. Að sá, er í hlut á, hafi próf staðist í forspjallsfræðum með 1. einkunn, annað hvort við háskólann í Kaupmannahöfn eða Háskóla Íslands;
2. Að hann færi sönnur á, að hann hafi fjörugan áhuga á vísindalegu námi, og einkum heimspekilegu; og
3. Að hann sje kunnur að því að vera áreiðanlegur, ráðsettur og í alla staði vandaður maður.

4. gr.

Sá, er styrknoti verður, fær 2000 kr. árlega af sjóðnum 4 ár samfleytt, þó með þeim nánari skilyrðum, er nú getur:

1. Eitt ár skal hann stunda heimspeki, almenna heimspeki, eða sjerstakar greinar hennar, svo sem trúarheimspeki, rjettarheimspeki, sálarlækningar o. s. frv. við Kaupmannahafnarháskóla eða annan erlendan háskóla, og skal hann sanna með vottorði frá hlutadeigandi prófessorum í heimspeki, að hann hafi hvort semester hlýtt á fyrirlestra tveggja prófessora að minsta kosti.
2. Því næst skal hann um tvö ár stunda heimspeki við einn háskóla á Þýskalandi, eða eftir atvikum við annan erlendan háskóla, þar sem heimspeki og heimspekileg vísindi standa í bestum blóma; á hann og þar stöðugt að hlýða fyrirlesturum tveggja prófessora að minsta kosti í tjeðum vísindum, og sanna það með vottorði frá þeim.
3. Loks skal hann hið síðasta af þeim 4 árum, er hann nýtur styrksins, setjast að í Reykjavík og halda þar opinbera fyrirlestra um hina og þessa grein heimspekinnar eður yfir eitthvert nafnfrægt rit frá eldri eða nýrri tímum, til að rekja það og skýra fyrir áheyrendum.

Enginn má styrksins lengur njóta en 4 ár.

Styrkinn skal greiða misseri hvert í þessi 4 ár, þá er styrknjótandi sannar fyrir ráðherra, að hann hafi fullnægt skilyrðum þeim, er áður eru fram tekin. Nú deyr styrknoti, eða önnur atvik hamla því, að hin ákveðnu skilyrði verði uppfyllt, og skal þá leggja þann hluta styrksins, er svo sparast, við höfuðstól sjóðsins og ávaxta á sama hátt. Þá er slíkt kemur fyrir, skal veita styrkinn aftur svo fljótt, sem unt er, þótt eigi sjeu 6 ár liðin frá því, er hann var síðast veittur.